



**Varðandi:** Íslandsmótið í golfi 2015

**Málsnúmer:** 1503071

**Dagsetning:** 11. mars 2015

---

**TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi framkvæmdasamning við Golfklúbbinn Leyni vegna Íslandsmóts í golfi sem fram fer á Garðavelli dagana 23. júlí til 26. júlí næstkomandi og felur bæjarstjóra að skrifa undir samninginn.

Bæjarráð samþykkir að greiða Golfklúbbum samtals kr. 2.000.000 til að undirbúa og framkvæma tiltekin verkefni í tengslum við mótið.

Bæjarráð vísar samningnum til bæjarstjórnar til samþykktar.

---

**GREINARGERÐ:**

Íslandsmót í Golfi er ár hvert stærsti viðburður á meðal bestu kylfinga landsins og mikið lagt upp úr umgjörð mótsins á allan máta og mikilvægt að vel takist til. Framkvæmdasamningur milli Akraneskaupstaðar og Golfklúbbsins tekur til eftirfarandi verkefna:

1. Endurbóta göngustíga.
2. Endurbóta teiga fyrir kylfinga.
3. Endurbóta mannvirkja.
4. Þurrkun vallarsvæðis.
5. Uppsetningu á búnaði og aðstöðusköpunar.

Tekið hefur verið tillit til ofangreindrar fjárhæðar í framkvæmdaáætlun Akraneskaupstaðar fyrir árið 2015.

Með vísan til framanritaðs gerir bæjarstjóri ofangreinda tillögu.

  
Regína Ásvaldsdóttir  
bæjarstjóri